

Heilsugæslan á Húsavík-kennslulýsing haust 2016.

Kennsla kándidata og læknanema

Almennt:

Verið velkomin til náms og starfa hjá HSN á Húsavík.

Heilsugæslan á Húsavík er hluti af Heilbrigðisstofnun Norðurlands er staðsett að Auðbrekku 4. Á stofnuninni á Húsavík er auk heilsugæslustöðvarinnar starfræktar göngudeildir, rannsóknadeild sem gerir helstu blóð- og þvagrannsóknir. Lítil röntgendeild, lítil sjúkradeild, öldrunardeild, sálfræðingur er hér starfandi í hlutastarfi, símaráðgjöf í reykbindindi (RÍR), símaráðgjöf læknavaktarsíma á dagvinnutíma af hjúkrunarfræðingum á landsvísu, heimahjúkrun í þéttbýli og í dreifðari byggðum og margt fleira. Á stofnuninni á Húsavík starfar lyf- og meltingarlæknir sem einnig kemur að kennslu og er yfirlæknir sjúkrasviðs.

Opnunartími heilsugæslustöðvarinnar er virka daga frá kl 08-16. Vaktþjónusta er á dagvinnutíma þar sem vaktlæknir sinnir bráðum erindum. Símsvörur er í símatímum hjúkrunarfræðinga. Utan við þennan opnunartíma er vaktþjónusta lækna virka daga og um helgar. Nánari upplýsingar um starfsemi stöðvarinnar má finna á vef HSN (www.hsn.is).

Læknar heilsugæslustöðvarinnar á Húsavík fara tvisvar í viku og eru með móttöku hálfan dag í hvort sinn í nýrri heilsugæslustöð í Mývatnssveit og hálfan dag í viku að Laugum Reykjadal.

Heilsugæslan er almennt fyrsti viðkomustaður fólks á Húsavík og nágrenni þannig að starfið verður fjölbreytt fyrir vikið með auknum námstækifærum. Jafnframt er stutt til næsta sérgræinasjúkrahúss (Sak) þegar þörf er á frekari aðstoð/uppvinnslu.

Almennt um kennslu á heilsugæslustöðinni:

Á heilsugæslunni fer fram kennsla nema bæði læknanema og hjúkrunarnema. Kennslustörf lækna stöðvarinnar eru fof við kennslu læknanema, kándidata, sérnámslækna og almennra lækna.

Læknanemar á 6. ári og kandidatar hljóta kennslu á stöðinni skv. Kennslufyrirkomulagi læknadeildar og nýrri marklýsingu kándidata. Leitast er við að allir læknar stöðvarinnar komi að kennslunni þó megin ábyrgð hvers og eins sé hjá handleiðara. Ef sérfræðilæknir býr yfir einhvers konar sérþekkingu er leitast við að hún fái sín notið við kennsluna í samráði við námslækninn. Þess er gætt að álag við sjúklingamóttöku sé við hæfi hvers og eins sérlega í uppafi þannig að námslæknirinn færast ekki of mikið í fang. Umfang móttöku læknanema sem staldra hér stutt við (viku) er einstaklingsmiðuð í samræmi við getu hvers og eins og reyntu viðkomandi. Getur bæði verið móttaka og „sit – in“.

Varðandi kennslu sérnámslækna í heimilislækningum vísast í marklýsingu þar að lútandi.

Yfirlæknir/handleiðarar:

Yfirlæknir ber ábyrgð á skipulagi kennslu og framkvæmd. Handleiðara halda hver um sig utan um kennslu hvers kándidats/6. Árs læknanema og til þeirra má alltaf leita komi upp vandamál á námstíma ss ráðgjöf við sjúkratilfelli, kennslu, vinnuála, samskiptið við annað starfsfólk osfrv. Þess ber að geta að námslæknar hafa þess utan greiðan aðgang að öllum læknum stöðvarinnar.

Upphaf námstíma:

Á fyrsta starfsdegi kandidats tekur yfirlæknir á móti viðkomandi til að fara yfir hagnýta hluti er varða nemann sjálfan og heilsugæslustöðina. Leitast er við að nauðsynlegir hlutir eins og upplýsingar til launaskrifstofu, kerfisaðgangur, auðkenniskort, lykjar, lækningaleyfi osfrv. séu frágengnir. Farið er yfir praktíska hluti ss um umfang stofnunarinnar, hvaða starfsemi er á hverjum stað, kynning á sjúkrabifreið, farið yfir vinnuastöðu, bókanir í sjúklingamóttöku, hlutverk í vaktþjónustu ofl..

Aðlögun:

Í upphafi námstíma má kandídat/6. árs læknanemi vænta þess að hafa sveigjanleika varðandi tímabókanir í samráði við yfirlækni. Þar ræður mestu fyrri reynsla viðkomandi.

Vinnufyrirkomulag:

Vinnutími virkra daga er frá kl 08-16. Gert er ráð fyrir að kandídat taki þátt í að sinna vaktþjónustu sem er á Húsavík sameiginleg fyrir heilsugæslu og sjúkrahúsið. Ávallt er reyndur sérfræðingur á bakvakt sem kandídatinn getur leitað til. Á Húsavík eru neyðarflutningsmenntaður sjúkraflutningamaður/reyndur sjúkraflutningamaður ávallt hluti áhafnar sjúkrabíl og gert er ráð fyrir að vaktlæknir fari ekki að jafnaði í önnur útköll en F1 útköll. Þess er ávallt gætt að gott aðgengi sé að læknum stöðvarinnar í daglegu starfi og á vöktum. Ekki er gert ráð fyrir að 6. árs læknanemi sé í móttöku eða með vaktlækni utan dagvinnutíma nema viðkomandi óski eftir því en í boði er einnig að fá að fara í bráðaútköll í sjúkrabíl og fá þá reynslu sem því fylgir. Vaktþjónusta er á röntgen og rannsókn á dagvinnutíma og einnig um helgar á veturna en allan sólarhringinn um mitt sumar.

Vinnuaðstaða:

Kandídat hefur alltaf sér afmarkaða aðstöðu/skrifstofu og 6. árs læknanemi ef því verður við komið. Heilsugæslustöðin er vel tækjum búin m.a. með 24 klst blóðþrýstingsmæli, öndunarmæli (spirometriu), bráða CRP tæki til notkunar vöktum, eyrnasmásjá, góðum otoscopum, rafmagns skoðunarbekkjum ofl. Gott mötuneyti er á stofnuninni og kandídat/6. árs læknanemi greiðir starfsmannagjald fyrir fæðið.

Kennsla:

- i) **Dagleg kennsla/handleiðsla.** Kandídat/6. Árs læknanemi er hvattur til þess að leita sér aðstoðar reyndari lækni ef upp koma klínísk vandamál, spurningar eða annað sem kandídat telur sig þurfa leiðbeiningar við. Jafnt gildir um alla lækna stöðvarinnar og ávallt er reyndur sérfræðingur á bakvakt fyrir aftan kandídatinn á vöktum fyrir bráðatilfelli.
- ii) **Morgunfundur lækna.** Þeir eru alla daga 08-8.30. Fundinn sitja allir lækna stöðvarinnar. Gert er ráð fyrir að kandídatinn/6.árs læknaneminn mæti einnig á þennan fund. Hann er nýttur til að fara yfir alvarleg tilfelli frá liðnum vaktdegi, bráða innlögnum á sjúkradeild og farið er yfir röntgenmyndir teknar daginn áður. Hann er nýttur til að ræða þau tilfelli sem fara þarf frekar yfir og fá ráðleggingar með bæði hvað varðar frekari uppvinnslu og frekari úrræði osfrv. Þessir fundir eru einnig notaðir til að fara yfir mál er koma að daglegri starfsemi/skilaboðum þar um.
- iii) **Fræðslufundir lækna ráðs SAK.** Fylgst er með þeim í gegnum vefinn en þeir eru á föstudögum kl 08-08.45.
- iv) **Myndbandsgátun.** Gert er ráð fyrir 2-3 myndbandsgátunum með sérfræðingi af stöðinni eða handleiðara hjá kandídat þar sem gefin er endurgjöf þar sem stuðst er við stöðluð matsblöð. Þarna gefst gott tækifæri til að læra um aðferðafræði samtalstækni og að fá endurgjöf og leiðsögn í því.

- v) **Sérstakir fræðslufundir.** eru að jafnaði í hverri viku 2 klst í senn. Þessa fundi sitja sérnámslæknar, kandiðatar og læknanemar. Á þessum fundi tekur sérfræðingur fyrir ákveðin fræðsluefni út frá þekkingarþörf viðkomandi námslækna. Við val á fræðsluefnum er marklýsing sérsnáms í heimilislækningum til hliðsjónar einnig.

Við lok námstíma:

Ákveðin matsblöð eru nýtt við mat á frammistöðu kandiðats/6.árs læknanema við lok námstíma á stöðinni. Þá er farið yfir námstímamann með námslækninum með handleiðara og honum gefin umsögn/endurgjöf. Þá er góðfúslega óskað eftir að kandiðat/6.árs læknanemi gefi umsögn munnlega eða skriflega um námstíma sinn og kosti og galla veru sinnar á heilsugæslustöðinni svo frekast sé unnt að bæta kennslu stöðvarinnar.

Hallgrímur Hreiðarsson